



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 309

Elínborg Jónasdóttir

(1906 – 1985)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 309

Elínborg Jónasdóttir

Unnur Elínborg Birgisdóttir, f. 24. 06.1958, færði safninu skjalasafn Elínborgar Jónasdóttur til varðveislu.

Elínborg var fædd 27. júní 1906 á Vopnafirði. Faðir hennar drukknaði þegar hún var barn að aldri.

Hún var barnlaus og starfaði meiri hluta ævinnar sem ráðskona hjá föðurfjölskyldu Unnar á Túngötu 36A í Reykjavík.

Sem barn er Elínborg á Vopnafirði, er kaupakona í Borgarfirði m.a. á Stóra Kroppi (heimildir um hugsanlega fleiri staði liggja ekki fyrir).

Það er líklega árið 1936 sem hún ræður sig til fjölskyldunnar að Túngötu 36A, hjónanna Ottó Guðmundssonar málarameistara, f. 28.10.1902 - d. 20.09.1976 og konu hans Guðnýjar Ottesen, f. 14.04.1905 - d. 16.02.1991, og helgaði líf sitt börnum þeirra og barnabörnum.

Síðasta hluta ævinnar, frá u.þ.b. 1970, var Elínborg ráðskona hjá Lárusi Ottesen. f. 01.06.1907 - d. 24.04.1994, að Hagamel 40 í Reykjavík og er þar búsett til dauðadags, þann 19.02 1985. Lárus var bróðir Guðnýjar Ottesen.

Móðir Elínborgar var Guðríður Magnúsdóttir f. 14. 02.1884 - d. 15.12. 1977. Hún var m.a. ráðskona hjá Oddrúnu ?. á Brekkugötu á Akureyri. Guðríður var heyrnarlaus stóran hluta ævinnar. Síðustu ár ævi sinnar dvaldi Guðríður hjá Elínborgu dóttur sinni á Hagamel 40.

Skjalaskrá

Askja 1

Jóla kort, elsta frá 1920; nýárskort, elsta frá 1926; páskakort; pakkaspjöld; afmæliskort og kort frá vinum erlendis, heillaóskaskeyti.

Nafnskírteini Guðríðar Magnúsdóttur, tryggingarskírteini Elínborgar, kveðja frá ættingjum við jarðarför Matthíasar Jónassonar (trúlega bróður Elínborgar).

Nokkrar ljósmyndir m.a. af föður Elínborgar og Elínborgu með móður sinni.

Teikning af Guðríði, móður Elínborgar, dags. 3.6.72. Á teikningunni stendur 88 ára.

Handrituð bréf, elstu bréfin virðast vera frá 1924. Þau eru í þeirri röð sem þau bárust safninu.

Dagskrár: Austurbæjarbíó, sænsk kvikmynd, Olnbogabörn og Danssýning Rigmor Hanson í Austurbæjarbíó frá maí 1948.

Kveðja v/ jarðarfarar Jóhanns M. J. Ottesen (1910-1943).

*Skráð í desember 2005,
Elín Þórðardóttir*